

Hrútsstöðum 3. mars 2020

Til sveitarstjórnar Dalabyggðar  
og skipulagsfulltrúa Dalabyggðar

### **Efni: Svar við svari skipulagsfulltrúa Dalabyggðar**

Takk fyrir svörin við bréfi mínu frá 8. janúar 2020.

Svörin eru þess eðlis að þau krefjast að við þeim sé brugðist og geri ég það í þessu bréfi mínu.

*Það er ekki með ánægju að ég sé í tíðum bréfaskriftum við sveitarstjórn um stöðu skógræktar sem landbúnaðar og þar með atvinnugreinar í Dalabyggð. Vænlegra þætti mér að eiga um hana gott samtal og stendur boð mitt um það enn. Ég stíla þetta bréf fyrst og fremst til sveitarstjórnar þar sem hún ber ábyrgð á málinu.*

**Fram kemur í svari skipulagsfulltrúa:**

***Ein helsta ástæða þess að ekki sé gefið út leyfi fyrir skógrækt á ræktanlegu landi er sú að skógrækt getur takmarkað getu á matvælaframleiðslu á tilteknum svæðum (ræktanlegu landi) um ákveðinn tíma.***

Ræktaðir skógar eru 0,9% og náttúrulegir skógar 2,5% af landi í Dalabyggð. Skóglendi er því 3,4% lands í Dalabyggð. Langstærsti hluti ræktaðra skóga voru gróðursettir á rýru landi. Fjárframlög til skógræktar á lögbýlum eru ekki af þeirri stærðargráðu að nokkur hætta sé á að hún takmarki getu til matvælaframleiðslu á ræktanlegu landi. Auk þess er ákvæði í lögum að ef skógræktarsvæði nær 200 ha er það umhverfismats skylt til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort krafist er umhverfismats. Það er kostnaðarsöm aðgerð sem þekkist varla.

Það er algerlega út í hött að rökstyðja frestun á framkvæmdaleyfum með því að skógrækt geti takmarkað matvælaframleiðslu á „tilteknum svæðum“ í ákveðinn tíma. Þetta á einfaldlega ekki við í Dölum með allt það ræktanlega land sem engin eftirspurn er eftir. Auk þess að vera á eignarjörðum fólks sem hugsar sér að stunda skógrækt á hluta jarða sinna. Með boðum og bönnum í formi vörslu í stað þess að nýta tækifærin getur ekki verið til framdráttar fyrir Dalabyggð.

Í nágildandi aðalskipulagi Dalabyggðar (2004-2016) kemur mikilvægi skógræktar skýrt fram. Meðal markmiða um landbúnaðarsvæði er *stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðurframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein*. Þar kemur einnig fram að „hefðbundinn“ landbúnaður sé á undanhaldi og áhrif skógræktar eru metin jákvæð hvað varðar hagræna-, félagslega- og náttúrfarslega þætti. Þar kemur einnig fram sem **tillaga** að mótvægisáðgerð *áð ekki skuli taka gott landbúnaðarland undir skógrækt t.a.m. tún*. Þarna er um tillögu að ræða en ekki ófrávíkjanlega reglu sem ber að túlka þröngt s.s. takmarkandi fyrir matvælaframleiðslu. Tún eru ekki sú landgerð sem skógarbændur hafa helst tekið til skógræktar. En menn hafa brugðið á það ráð að gróðursetja í túnin frekar en láta þau fara í órækt þegar enginn hefur þörf fyrir að heyja þau. Skógarbændur skapa því með gróðursetningunni verðmætar afurðir, bæta landið í leiðinni og binda mikið kolefni. Aftur á móti heyja margir bændur í Dölum tún skógarbænda en teikn eru á lofti um að þörfin sé að minnka.

Í svæðaskipulagi Dala, Reykhóla og Stranda 2018-2030 segir að *skógrækt verði eflað sem landbúnaðargrein en þess verði gætt að gott landbúnaðarland m.t.t. annars ræktunargildis og beitara verði ekki tekið undir skógrækt*. Hvaða tillit þarf að taka til annars ræktunargildis þegar engin þörf er fyrir frekara landi til annarrar ræktunar. Enda hafa engar umsóknir um framkvæmdaleyfi borist

tengdar landbúnaði aðrar en fyrir skógrækt frá því skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð hóf störf í apríl 2019. Það er nokkuð sérstakt að ekki hafi verið unnið betur að þessu svari. Það var fólk og líf í Dölum áður en skipulagsfulltrúinn kom hér, þó ég bjóði hann velkominn.

Skýrsla nefndar um landnotkun, athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands, var unnin fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2010. Nefndin telur ekki knýjandi þörf á því að takmarka skógrækt í ræktunarlandi. Þess síður er þörf á því nú.

Bæði í gildandi aðal- og svæðaskipulagi eru markmið um eflingu skógræktar og áhrif hennar tíunduð á jákvæðan hátt eins og fram kemur hér að framan. Samt sem áður ákveður sveitarstjórn að byggja ákvörðun sína á frestun framkvæmdaleyfa til skógræktar á því að hluti eða fáir hektarar lands í umsóknunum eru á ræktanlegu landi. Landi sem enginn hefur þörf fyrir til annarrar ræktunar. En skeyta ekkert um eigin stefnur um eflingu skógræktar. Vinna er í gangi við flokkun á landbúnaðarlandi og stefnumótun um notkun þess. Þau hátt í 2 ár sem beðið hefur verið eftir niðurstöðum hefur sveitarstjórn ekki virt gildandi aðalskipulag með því að afgreiða málin samkvæmt því. Verkfærakistan, aðal- og svæðaskipulag, er til staðar en gagnlegu verkfærin eru látin liggja ónotuð í kistunni og aðeins tekin upp fá ónýt verkfæri öllum til skaða. Hvers hagur er þessi ákvarðanatáka? Hér er ekki hægt að hrósa sveitarstjórn fyrir vandaða stjórnslu.

Það er með öllu óskiljanlegt hvers vegna framgangur sveitarstjórnar er á þennan hátt. Þessi frestun á afgreiðslu hefur orsakað tekjutap, bæði fyrir einstaklinga og sveitarsjóð. Skógarbændur hafa misst tekjur af gróðursetningu og í vexti trjána. Dreifingarstöðin og flutningafyrirtæki missa tekjur. Verktakar við jarðvinnslu og girðingar, sem eru bændur í Dölum, bíða eftir verkefnum. Auk þess eru ýmis afleidd neikvæð áhrif s.s. engin starfsemi á skógarjörðunum sem leiðir af sér tap verslunar- og þjónustufyrirtækja í Dölum. Gerir sveitarstjórn sér grein fyrir tekjutapinu? Þetta jafnast á við það að afþakka tekjur inn í sveitarfélagið. Hvernig ætlar sveitarstjórn að bæta skógarbændunum skaðann?

Það er mikilvægt þegar tekur er stórar og afdrifaríkar ákvarðanir að líta heildrænt á málið en festast ekki í hindrunum sem hafa enga þýðingu í dag. Við erum að tala um nýtingu á landi í Dalabyggð sem er rík af ræktanlegu landi og töluverður hluti þess er ekki í notkun til matvælaframleiðslu nema helst á jörðum bænda sem stunda búfjárrækt. Það eru því engin rök fyrir því að „geyma“ þurfi ræktanlegt land fyrir eitthvað sem við vitum ekki hvað verður eða hvenær. Hagsmunir hverra er verið að gæta? Árangur í skógrækt, eins og öðrum búgreinum, byggist á frjósemi þess lands sem ræktunin fer fram á. Hvernig hyggjast sveitarstjórnarmenn í Dalabyggð efla skógrækt sem landbúnaðargrein með því að hafna því að hún þurfi á að halda góðu ræktunarlandi rétt eins og aðrar búgreinar? Og stilla henni þannig upp sem andstæðingi annarra búgreina.

**Svar skipulagsfulltrúa við spurningu minni um hversu langt skráning fornleifa sé komin hjá Dalabyggð við gerð nýs aðalskiplags hljóðar svo:**

***Það er nánast ógerlegt að fara í skráningu fornleifa meðfram endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar, m.a. vegna landstærðar sveitarfélagsins. Þetta á við um flest ef ekki öll sveitarfélög. Með tilliti til kostnaðar yrði þessi skráning kostnaðarsamari en öll vinnan við endurskoðun aðalskipulagsins. Minjastofnun fær umsagnarbeiðni vegna skipulagslýsingar endurskoðunarinnar og verður henni svarað af hálfu sveitarfélagsins.***

Þarna kveður við annan tón þ.e. vegna landstærðar er þetta nánast ógerlegt þegar stendur upp á sveitarfélagið. En samt á að takmarka notkun þessa stóra lands til atvinnusköpunar. Það kemur líka fram að þetta eigi við flest ef ekki öll sveitarfélög. Ekki veit ég hversu mörg sveitarfélög hafa unnið þessa vinnu en þau eru nokkur ef ekki þó nokkur. Þar á meðal er Kaldrananeshreppur sem hefur sama skipulagsfulltrúa og við í Dalabyggð. Mörg sveitarfélög taka þessum skyldum sínum alvarlega

og skipta vinnunni á nokkur ár. Ég held að skilja eigi svarið svo að Dalabyggð ætli að gera tilraun til að semja sig frá skyldum sínum um fornleifaskráningu. Vonandi er það ekki réttur skilningur hjá mér. Ég vona að sveitarstjórn sýni metnað í því að framkvæma þessa lagalegu skyldu sína.

Ég hef fullan skilning á því að þetta kosti peninga og mikla peninga fyrir fámennt sveitarfélag. En mér finnst það ekki viðeigandi að sveitarfélagið ætli að koma sér undan fornleifaskráningunni en ætlar verðandi skógarbændum á sama tíma að bera kostnað af sömu aðgerð. Þarna þarf réttlátari afgreiðsla að koma til. Auk þess eru mörg sveitarfélög sem gera ekki kröfu um umsögn Minjastofnunar. Landeigendur vita oftast um fornminjar og friðlýstar minjar á landi sínu og skógarbændur vita að ekki megi gróðursetja í þær. Auk þess eru til kort og loftmyndir sem sýna merki um fornminjar. Gaumgæfilega er farið yfir þetta við gerð skógræktaráætlana og skógræktarráðgjafar leiðbeina skógarbændum með friðhelgunarsvæðin. Sanngarnt væri að Dalabyggð kæmi að kostnaði vegna fornleifaskráningar þar til skyldum varðandi skráningarnar hefur verið lokið. Byrja mætti á því að skrá fornminjar á þeim svæðum eða jörðum sem bíða eftir að fá skógræktarsamning.

**Við spurningu minni um hvaða hugmyndir séu í umræðunni varðandi stefnumótunarvinnu um nýtingu landbúnaðarlands svarar skipulagsfulltrúi og vísar í Landsskipulagsstefnu 2015-2026.**

***að markmið með flokkun landbúnaðarlands sé að landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarrar landnotkunar með óafturkræfum hætti. Þar kemur auk þess fram að flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland. Hvað viðkemur nýtingu er ljóst að skilgreina þarf alla landnýtingarflokka m.a. með tilliti til þess hvaða eiginleika viðkamandi land hefur.***

Þetta svar gefur vonir um bjartsýni gagnvart skógrækt. Skógrækt er jákvæð gagnvart öllum liðum sem nefnd eru í svarinu. Skógrækt er ræktun sem fellur undir landbúnað og ætti því að ráðstafa landi sem hentar vel til ræktunar til skógræktar. Skógur er vistkerfi sem m.a. bindur kolefni og mengunarefni, skapar verðmætar auðlindir og skjól, miðlar vatni, stuðlar að heilbrigðu og fjölbreyttu landslagi og er aðlaðandi til útivistar. Skipulögð skógrækt fellur vel að landslagi og gengur vel í fjölbreyttum landslagsgerðum. Auk þess er skógrækt **afturkræf aðgerð**. Að tengja landnotkun með óafturkræfum hætti við skógrækt er beinlínis rangt.

Markmið í Landskipulagsstefnu (2015-2026) er m.a. að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanleg og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Að áskoranir varðandi loftslagsbreytingar geti svarað breyttum þörfum og aðstæðum. Þarna eigum við gott svar með skógrækt sem bæði getur verið mótvægisáðgerð með kolefnisbindingu og tækifæri sem atvinnugrein í byggð sem berst á móti frekari fólksfækkun.

Ef ræktanlegt land sem hefur verið tekið til skógræktar muni takmarka matvælaframleiðslu á einhverjum tímapunkti þá höfum við einfaldlega búið í haginn fyrir þeirri framleiðslu með skógrækt frekar en „geyma“ það og hafa engan ávinning þangað til. Besta landbúnaðarlandinu stafar ekki hættu af landbúnaði og annarri ræktun. Það á ekki að hefna framkvæmdir og möguleika þeirra sem lifa af því að rækta landið. Sérstaklega ekki í hinum dreifbýlari byggðum.

Sjáum landeiganda horfa yfir lönd sín tilbúinn að eyða kröftum sínum til góðra verka með skógrækt. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að þeir sem fara með ákvörðunarvald í þessum málaflökki í Dalabyggð eru margir hverjir landeigendur og bændur og ættu því að hafa góðan skilning á mikilvægi ræktunar. Er það hlutverk sveitarstjórnar Dalabyggðar að meina jarðeigendum að nota hluta af frjósömu landi sínu til að skapa skógarauðlind kjósi þeir það? Það er mikilvægt að landeigendur hafi val um hvað af landi sínu þeir nota til skógræktar, rýrt og frjósamt og allt þar á milli.

Það er líka mikilvægt fyrir bændur sem stunda búfjárrækt að geta stundað skógrækt sem aðra búgrein. Þeir þurfa þá að hafa val um það hvernig skógrækt þeir stunda. Ef þeir vilja kolefnisjafna búskapinn með skógrækt kjósa þeir e.t.v. að nota framleiðslumiklar tegundir sem binda mikið kolefni og þurfa þá frjósamt land. Þannig spara þeir land, tíma og peninga s.s. í plöntum og girðingum. En velji þeir landbótaskóg geta þeir valið framleiðsluminni tegundir sem henta á rýru landi og þurfa þá stærra land. En alltaf skapa þeir skjól og framleiðsluauðlind. Búfénaður sem býr við skjól skilar betri afurðum en sá sem eyðir orku sinni í að berjast í vindi.

Skógrækt styrkir aðrar búgreinar og stuðlar að því að búseta haldist á jörðum. Fólki fjölgar sem vill stunda skógrækt og hefur umsóknum um skógræktarsamninga fjölgað undanfarin ár. Skógræktin hefur brugðist við með því að gera samninga um minna landssvæði en áður var gert. Þannig fá fleiri samning en um minna land. Skógrækt getur því verið mikilvæg hliðarbúgrein.

Góð samvinna er á milli margra skógarbænda í Dölum og bænda sem stunda annan búskap. Bændur heyja tún skógarbænda, hluti af landi skógarbænda er nýtt sem beitarland og dæmi er um að skógarbændur smali með sauðfjárbændum. Flestir skógarbændur í Dölum eiga lögheimili í Dalabyggð og stór hluti þeirra stundar annan búskap eða stundaði og býr enn á jörðum sínum með skógrækt. Það er ávinningur af því að stunda skipulagða skógrækt með samning við Skógræktina. Því fylgir fjármagn og faglegur stuðningur auk þess eru þá upplýsingar um hvar skógrækt er stundum.

Eins og fram hefur komið er skógrækt afturkræf aðgerð. Skóglendi er víða um heim tekið undir aðra ræktun og þá sérstaklega tengda matvælaframleiðslu. Ásókn í skóglendi í þessum tilgangi er fyrst og fremst vegna þess að skógur skapar frjósamt land og er því eftirsótt. Það sama á við á Íslandi og ef síðar meir vanti land til matvælaframleiðslu er gott að „geyma“ það land undir skógi.

En hverju getur skógurinn í Dölum skilað okkur ef kemur til þess að nota þurfi það land sem hann stendur á til matvælaframleiðslu? Við getum grisjað skóginn og notað hann sem beitiland og skjól fyrir búpening. Við getum fellt hann, nýtt viðinn og breytt landinu í tún, kornakra, grænmetisrækt eða þá ræktun sem hagstæð er á hverjum tíma. Ef þessi aðgerð verður framkvæmd myndum við skilja eftir hluta skógarins sem skjól. Öll ræktun til matvælaframleiðslu nýtur góðs af því skjóli sem skógurinn veitir og aukinnar frjósemi sem hann hefur skapað. Ef hitstig fer áfram hækkandi getum við grisjað skóginn hæfilega og farið í ávaxtarækt. Svona mætti lengi telja. Það er samt sem áður ekki ólíklegt að upp byggist öflugur úrvinnsluæðnaður með skógarafurðir í Dölum frekar en landfrok matvælaframleiðsla. Því er tímært að búa sig undir það.

### **Loftlagsstefna Dalabyggðar í lok árs 2021**

Ég fagna því að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Mikilvæg er að draga sem mest úr losun koltvísýrings og ég hygg að sveitarstjórn Dalabyggðar sé fullkunnugt um að skógrækt er sá þáttur sem kemur hvað sterkast inn sem kolefnisbinding.

### **Verður stefnan um notkun á landbúnaðarlandi kynnt íbúum, fá þeir að leggja til málanna?**

Hér var ég að óska eftir svari við því hvort stefnan varðandi notkun á landbúnaðarlandi verði kynnt sérstaklega og íbúar geti komið með athugasemdir við hana. Fram kemur í plaggi sveitarstjórnar **Aðalskipulag Dalabyggðar 2017-2029, verklýsing – undirbúningur og nálgun** að í jan – mars 2020 verði auglýsing á verkþættinum flokkun landbúnaðarlands, niðurstöðum skilað í lok febrúar 2020. Ég óska eftir svari við eftirfarandi spurningum.

**Hvernig og hvenær er auglýsingarferlið?**

**Geta íbúar komið með athugasemdir?**

**Er hægt að nota stefnuna við ákvarðanatöku áður en auglýsingarferlið er liðið?**

Það er ekki með gleði sem ég gagnrýni framgöngu ykkar í þessu máli. Nálægðin er mikil í litlum samfélögum og því getur verið erfitt að greina á milli gagnrýni á verk manna og persónulegrar gagnrýni. Ég vona að þið greinið þar á milli og bréfið hafi ekki slæm áhrif á samskipti okkar.

Nú er kominn tími á bjartsýni. Kynnið ykkur þá málaflokka vel sem þið fjallið um áður en þið takið áfdrifaríkar ákvarðanir fyrir einstaklinga og fyrir Dalabyggð.

Ég skora á sveitarstjórn Dalabyggðar að horfa fram á veginn og styðja við atvinnugrein eins og skógrækt. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að sauðfjárrækt á undir högg að sækja og getur því skógrækt komið sér vel fyrir þá sauðfjárbændur sem kjósa að stunda skógrækt.

Breytið vörn í sókn og hafið að leiðarljósi eigin stefnur sem hafa það að markmiði að efla skógrækt. Með því eflað þið atvinnumöguleika í Dölum sem skapa arðbæra auðlind og afurðir sem nota má í heimabyggð á næstu áratugum. Þannig stuðlið þið að sjálfbærum landbúnaði. Gerið öllum búgreinum jafnhátt undir höfði. Hafið ekki öll egginn í sömu körfunni.

## **Sveiflum haka og ræktum nýjan skóg Minna kjaftæði – Meiri skóg**

Með vinsemd og bestu kveðjum

*Bergþóra Jónsdóttir, skógfræðingur  
Skógar- og sauðfjárbóndi á Hrútsstöðum  
og formaður Félags skógarbænda á Vesturlandi*